

## Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á 3. ársfjórðungi 2007

Í dag verða birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2007 og stöðu þjóðarbúsins í lok september.<sup>1</sup>

Viðskiptahalli var 31 ma.kr. á þriðja fjórðungi ársins samanborið við 48,5 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi. Meginskýring á þessum bata er viðsnúningur á jöfnuði þáttatekna um 16,5 ma.kr. Á gjaldahlið jafnaðarins varð lækkun um 20,5 ma.kr. Munar þar mestu að engar arðgreiðslur til erlendra aðila voru skráðar á fjórðungnum en þær höfðu verið nær 20 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi, enda falla þær jafnan til á þeim fjórðungi. Endurfjárfesting var 10 ma.kr. minni en á öðrum ársfjórðungi. Hins vegar jukust önnur vaxtagjöld. Tekjur voru 4 ma.kr. minni en á öðrum ársfjórðungi sem skýrist einkum af því að engar arðgreiðslur til innlendra aðila voru skráðar á fjórðungnum samanborið við rúma 13 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi. Á móti kom að hækkun varð á endurfjárfestingu og öðrum vaxtatekjum.

### *Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna*

	<i>Júlí - september</i>		<i>Janúar - september</i>	
	<i>2006</i>	<i>2007</i>	<i>2006</i>	<i>2007</i>
Viðskiptajöfnuður	-78,8	-30,9	-207,2	-110,5
Útflutningur vöru og þjónustu	102,9	105,8	282,1	321,1
Innflutningur vöru og þjónustu	-150,1	-144,9	-428,1	-422,6
Þáttatekjur og framlög, nettó	-31,6	8,1	-61,2	-9,0
Fjármagnsjöfnuður	-47,2	64,7	388,9	75,3
Fjármagnshreyfingar án forða	-46,3	71,4	383,0	80,5
Erlendar eignir, nettó	-339,5	-455,2	-138,4	-1739,2
Erlendar skuldir, nettó	293,2	526,5	758,3	1819,7
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-0,7	-6,2	-149,2	-3,6
Skekkiur og vantalið nettó	126,0	-33,7	-181,7	35,1

<sup>1</sup> Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

Þjónustujöfnuður var neikvæður um 5,7 ma.kr. samanborið við 11,1 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi. Batinn kemur fram í ferðalagalið jafnaðarins og stafar af fjölgun ferðamanna til landsins.

Hreint fjárinnstreymi nam 64,7 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi sem er aðeins rúmlega helmingur af innstreymi á öðrum fjórðungi ársins. Helstu ástæður þess eru 160 ma.kr. minni fjárfestingar á Íslandi en á öðrum ársfjórðungi svo og nettó innlausn á verðbréfaútgáfu innláns-stofnana um 146 ma.kr. Beinar fjárfestingar Íslendinga erlendis voru einnig mun minni á þriðja fjórðungi, eða sem nam 227 ma.kr.

Viðskiptahalli fyrstu níu mánuði ársins var 110,5 ma.kr. sem er betri útkoma en á árinu 2006 þegar hann mældist 207,2 ma.kr. Batann má að hluta til rekja til þáttatekna, en á þessu ári var halli á jöfnuði þeirra um 9 ma.kr. samanborið við 61 ma.kr. halla í fyrra.

Hrein staða við útlönd var neikvæð um 1.377 ma.kr. í lok þriðja ársfjórðungs og hafði versnað um 50 ma.kr. á fjórðungnum. Erlendar skammtímaskuldir hækkuðu um 445 ma.kr. á fjórðungnum, þar af jukust innstæður erlendra aðila í innlendum innlánsstofnunum um 188 ma.kr. og skammtímalán um 258 ma.kr. Staða langtímalána hækkaði um 219 ma.kr. Í lok september var gengi krónunnar 3 % lægra en í lok júní samkvæmt vísitölu gengisskráningar.

Nánari upplýsingar veitir Kristína Baldursdóttir, forstöðumaður á upplýsingasviði bankans í síma 569-9600.